

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

8. mars 2016

Vegna: Drög að frumvörpum til breytinga á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

Vísað er til draga að frumvörpum til breytinga á stjórnarskrá sem birt voru á vef ráðuneytisins 19. febrúar sl. Að mati Samorku eru þessar tillögur að flestu leyti mjög jákvæðar. Að sinni vilja samtökin halda fáeinum atriðum til haga í þessu sambandi. Í ljósi afar skamms tíma til að veita umsagnir áskilja samtökin sér þó rétt til að gera frekari athugasemdir eða setja fram ábendingar á síðari stigum.

Um frumvarpið um náttúruauðlindir:

1. Um 1. mgr.: Setningin um að auðlindir náttúru Íslands „tilheyri íslensku þjóðinni“ er óhefðbundin framsetning þegar um ræðir auðlindir og landsréttindi sem háð eru einkaeignarrétti. Áherslan á að þær beri að nýta á sjálfbæran hátt og landsmönnum öllum til hagsbóta er hins vegar einmitt lýsing á starfsemi íslenskra orku- og veitufyrirtækja og samtökin gera því ekki athugasemd við þessa framsetningu. Því skal þó haldið til haga að í sumum tilvikum eru umræddar auðlindir háðar einkaeignarrétti og þótt löggjafinn skilgreini þeirra starfsumhverfi er eignarréttur viðkomandi aðila verndaður af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samorka gerir ekki athugasemdir við umfjöllun greinargerðar frumvarpsins um þetta ákvæði (um 1. mgr., bls. 17), en að mati samtakanna væri skýrara að í 1. mgr. frv. segði að auðlindir náttúru Íslands væru *sameiginleg verðmæti* eins og skýringin í greinargerðinni vísar til að átt sé við.

2. Um 1. og 2. mgr.: Í 1. mgr. er talað um auðlindir í náttúru Íslands en í 2. mgr. er talað um náttúruauðlindir. Ekki er skýrt hvort einhver merkingarmunur sé þarna á milli. Að mati Samorku væri æskilegt að samræma þessa hugtakanotkun.

3. Um 3. mgr.: Skilgreining hugtaksins „eðlilegt gjald“. Samorka styður það grundvallarsjónarmið að eðlilegt sé að innheimt sé einhvers konar gjald fyrir nýtingu auðlinda í eigu ríkisins, enda sé um að ræða nýtingu vegna verðmætasköpunar fyrir markaðsviðskipti. Í umfjöllun greinargerðar um ákvæði 3. mgr. (bls. 19) er arðsemi nýtingar nefnd til sögunnar sem viðmið við ákvörðun slíkrar gjaldtöku ef gjaldið ákvarðast ekki á markaði. Samorka minnir á að fleiri en eitt orkufyrirtæki hafa árum saman átt í viðræðum við stjórnvöld um útfærslu slíkrar gjaldtöku. Vandséð er að hægt sé að mæla nákvæmar fyrir um það í stjórnarskrá hvernig haga beri slíkri gjaldtöku, sem ávallt hlýtur að útfærast með lagasetningu hverju sinni. Áherslu 3. mgr. á jafnræði og gagnsæi ber sérstaklega að fagna í því sambandi.

4. Áfram um 3. mgr.: Samtökin fagna því að kveðið sé á um að slíkt sé gjald sé innheimt „að jafnaði“, með vísan í umfjöllun greinargerðar um 3. mgr. (bls. 19), þar sem fram kemur að heimilt sé að krefjast ekki gjalds ef forsendur eru ekki fyrir hendi að mati löggjafa, til dæmis þegar um sé að ræða samfélagsleg verkefni sem rekin séu af opinberum aðilum svo sem vatns- og hitaveitur. Samorka leggur áherslu á að þess háttar rekstur er í eðli sínu þjónusta við íbúa viðkomandi svæðis, ekki rekinn í ágóðaskyni, og því myndi slík gjaldtaka einungis leiða til hærri verðs fyrir það sem alla jafna er skilgreint sem grunnþjónusta sveitarfélaga. Að mati Samorku mætti að ósekju kveða fastar á um þennan skilning í frumvarpinu.

5. Enn um 3. mgr.: Lokasetning 3. mgr. kveður á um að nýtingarheimildir á auðlindum í eigu ríkisins leiði aldrei til varanlegs eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindum. Þetta meginsjónarmið er þegar bundið í lög en Samorka vekur hins vegar athygli á að, líkt og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins (kafla 4.6.), þá kunna að vera dæmi um gildandi samninga sem ekki samrýmast ákvæðum 3. mgr. að því er varðar tímabindingu og/eða gjaldtöku. Líkt og fram kemur í umræddri umfjöllun hefur löggjafinn afar takmarkað svigrúm til að grípa inn í gildandi samninga þannig að það raski réttarstöðu samningsaðila. Samtökin treysta því að stjórnvöld muni ávallt virða slík sjónarmið í hvívetna.

Um frumvarpið um umhverfis- og náttúruvernd:

Samorka lýsir stuðningi við þau meginsjónarmið sem þarna eru sett fram. Um leið leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að ekki verði gengið lengra í útfærslu þessara ákvæða í stjórnarskrá, t.d. varðandi fyrirkomulag aðkomu almennings að undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, en þegar er gert í þessum textadrögum. Um slíka útfærslu verður ávallt fjallað í lögum og reglugerðum hverju sinni. Mörg dæmi eru um slík ákvæði í gildandi lagaumhverfi og þessi textadrög tryggja að svo muni áfram verða.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri